

Velferðarnefnd Alþingis,  
Nefndasviði Austurstræti 8 – 10, Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2020

**Efni: Frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví skv. fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir á þskj. 1131 – 667. mál á 150 löggjafarþingi.**


Bandalag háskólamanna (BHM) fagnar fram komnu frumvarpi félags- og barnamálaráðherra og styður afgreiðslu þess á Alþingi að tilskilinni einni breytingu á 7. grein þess.

Til að tryggja réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem skikkaðir eru í sóttkví leggur BHM til að við d-lið 7. gr. frumvarpsins bætist einn málsliður:

*Þó er heimilt að, hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur greitt trygginagjald í einu lagi fyrir tekjuárið 2019, miða launatap skv. 1. mgr. við meðaltal reiknaðs endurgjalds þess árs.*

Með þessari breytingu er komið til móts við þá sjálfstætt starfandi einstaklinga sem gera upp við skattinn í einni árlegri greiðslu.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM